



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

590. stjórnarfundur 11. október 2022 kl. 19:00

Mættir: Einar Haraldsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir.
Fjarverandi: Birgir Már Bragason og Kári Gunnlaugsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Dagskrá sambandsráðsfundar UMFÍ.

Dagskrá málþings um nikotín notkun.

Dagur mannréttinda barna.

Erindi knattspyrnudeildar vegna fjárhagsaðstoðar. Samþykkt, framkvæmdastjóra falið að ganga frá þessu.

Hvatningarverðlaun UMFÍ.

Bókun íþrótt- og tómstundaráðs og bæjarráðs. Kaup á sláttuvél vísað til fjárhagsáætlunar 2023.

Seinna fundarboð á sambandsráðsfund UMFÍ.

Tölvupóstur frá Þóru Lilju vegna búningamála hjá félaginu. Ákveðið að kalla saman aðila frá deildunum og ræða búningamál.

Tölvupóstur frá Drífu Guðmundsdóttur. Há æfingagjöld og systkinaafsláttur. Í dag standa æfingagjöld ekki undir kostnaði. Við hvetjum Drífu og aðra foreldra til að heyra í Reykjanesbæ með að hækka hvatagreiðslur.

Fundargerðir barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Svarbréf sem sent var á Þóru Lilju vegna búningamála.

4. Jólblað Keflavíkur

Umræða um viðmælanda og ákveðið að tala við einn einstakling. Thelma Hrund

Hermannsdóttir kemur til með að taka viðtalið.

5. Þjálfaradagurinn

Þjálfaradagurinn verður haldinn 13. október. Fyrirlestur frá KVAN og skyndihjálparnámskeið.

6. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður í Höfn í Hornafirði 15. október. Einar Haraldsson verður fulltrúi félagsins. Dagskrá fundarins liggur fyrir og er boðið upp á rútu, kostnaður 8.000 kr.

7. Önnur mál

A. Mál þjálfara fimleikadeildar.

B. Skoða með að kalla saman fulltrúa í búninganefnd.

C. Einar og Magnús Þorsteinsson formaður körfunnar fóru á fund bæjarráðs fimmtudaginn 6. okt. vegna erindis körfunnar um fjárhagsaðstoð. Málinu var frestað.

D. Verið er að skoða innan sunddeilda Keflavíkur og Njarðvíkur um að sameinast í eitt sundfélag.

- E. Fyrirmyndarfélag / deild ÍSÍ. Allar deildir félagsins ásamt félaginu í heild sinni hafa skilað inn handbók 2022 - 2026, nema rafíþróttadeildin. Afhending á viðurkenningunni verður á næstu dögum.
- F. Ákveðið að þýða siðareglur félagsins á ensku og pólsku.

Fundi slitið kl. 20:00

Næsti fundur verður þriðjudaginn 25. október 2022

Fundinn ritaði Eva Björk